

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

380. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 27.10.2017, kl.07:30.

Mættir:

Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Bjarni Torfi Álfþórsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Sturla Þorsteinsson boðaði forföll, varamaður Garðabæjar boðaði einnig forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Staða í undirbúningi gas- og jarðgerðarstöðvar

Framkvæmdastjóri greinir frá framvindu við gerð útboðsgagna og viðræðum við Reykjavíkurborg vegna lóðar í Álfsnesi.

2. Fundargerð eigendafundar frá 27. september 2017

Fundargerðin lögð fram.

3. Niðurstaða starfshóps um endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðvanna

Skýrsla starfshópsins lögð fram. Málið rætt. Stjórn fagnar niðurstöðum starfshópsins sem eru í samræmi við ábendingar SORPU um hvaða verkefni geti verið til hagræðingar á endurvinnslustöðvunum. Stjórn hvetur sveitarfélögin og stjórn SSH til að taka næstu skref í takt við niðurstöðu hópsins. Stjórn hvetur jafnframt verkefnisstjórn sorpsamlaganna á Suðvestur landi til að hraða vinnu við gerð svæðisáætlunar. Staða verkefnisins verði kynnt sveitarfélögunum við fyrsta tækifæri.

4. Samningur við EKO Eignir ehf.

Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar kynna drög að samningi við EKO Eignir ehf. Stjórn samþykkir samninginn.

5. Áhættustefna SORPU bs.

Lagt fram að nýju drög að áhættustefnu SORPU. Stjórn samþykkir áhættustefnu og verður stefnan kynnt á næsta eigendafundi.

6. Framlenging á samningi við SOS.

Lagður fram samningur um móttöku úrgangs frá SOS bs. Samningur við SOS rann út þann 15. október sl., en var framlengdur eftir að samþykki stjórnarmanna SORPU lá fyrir með tölvupóstum. Samningurinn var framlengdur til 30. nóvember 2017.

7. Aðalfundur SORPU bs.

Aðalfundur SORPU bs. verður haldinn í Mosfellsbæ næstkomandi föstudag þann 3. nóvember. Fundurinn er haldinn sameiginlega með öðrum byggðasamlögum.

Björn H. Halldórsson
Rósa Guðbjartsdóttir
Sturla Þorsteinsson

8. Afhending ársskýrslu SORPU bs. fyrir árið 2016 og rekstraráætlun SORPU bs. Stjórnarmönnum afhent eintak af ársskýrslu SORPU fyrir árið 2017 og eintak af rekstraráætlun 2018 – 2022.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 24. nóvember kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:30.

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Hallgrímur Sveinsson
Guðrún E.
Rannveig
Hefstaniur Vilmann
Björn Torgeirsson
Ólafur A. Guðlaugsson
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Bj. H.